

Hellu 24.ágúst 2020

Til þeirra er málið varðar

Kæru þið!

Síðastliðinn vetur var starfsmönnum Heklukots boðið að koma endurgjaldslaust í líkamsræktarsal íþróttahússins og sundlaugina að vild og mæltist það mjög vel fyrir hjá starfsmannahópnum. Var þetta liður í að laða að fleira starfsfólk og efla heilsu þeirra sem starfa þar. Nú hefur verið skipt um rekstaraðila og því mun þetta væntanlega ekki gilda lengur fyrir starfsmenn okkar í Heklukoti.

Miklar umræður hafa skapast um þetta í starfsmannahópnum og geinilegt að fólk hefur áhuga á að halda þessu fyrirkomulagi áfram. Okkur langar að ítreka að það væri mjög ákjósanlegt að athuga með einhvers konar stuðning, styrk eða afslátt til starfsmanna þar sem fólk er sammála um að árgjaldið sé nokkuð hátt í World Class -stöðina hér á Hellu. Væri þetta liður í að efla heilsu og líðan starfsmanna eins og fyrr segir.

Sveitarfélagið Rangárþing Ytra stefnir nú að því að verða heilsueflandi sveitarfélag og því ekki úr vegi að koma til móts við starfsfólkið með einhvers konar framlagi og sýna gott fordæmi.

Með óskum um góðar undirtektir.

Kær kveðja,

Auður Erla Logadóttir skólastjóri leikskólans Heklukots og

Rósa Hlín Óskarsdóttir aðstoðarskólastjóri leikskólans Heklukots